





Varðar: Dugguvog 53, umsókn um starfsleyfi

Skoðuð er beiðni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 23. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir þvottahús á vegum Aluu ehf., að Dugguvogi 53 (Kænuvogsmegin), fasteignanúmer F2298316, eignanúmer 01-0001.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulag

Skipulagsleg staða:

Lóðin er á íbúðarsvæði (ÍB59) samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Í gildi er nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð 3, samþykkt 25.05.2023.

Umsögn:

Með hinu nýja skipulagi fyrir Vogabyggð 3 er landnotkun breytt úr því að vera iðnaðar- og athafnasvæði í það að vera miðsvæði með íbúðarbyggð með atvinnustarfsemi í bland sem samræmist íbúðabyggð skv. skilgreiningu AR2040. Skv. hinu nýja deiliskipulagi er mengandi starfsemi á svæðinu gert að víkja inna 4ra ára frá gildistöku skipulagsins, og er þá horft til hávaðamengunar jafnt sem efnamengunar.

Sbr. lýsingu Aluu ehf. felst starfsemin sem um ræðir annars vegar í þvotti á líni fyrir hótélrekstur, en tækjabúnaður vegna þess eru 2 stærri þvottavélar, 4 þurrkarar og 1 strauvél., og hins vegar starfsstöðvar fyrir ræstitækna sem sækja tæki og tól. Skv. rekstaráðila er ekki verið að nota á staðnum sterkari hreinsiefni en þvottaefni fyrir þvottavélar.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið að því tilskyldu að ekki sé um hávaðamengandi starfsemi að ræða sem trufla íbúðabyggð sbr. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um atvinnustarfsemi innan íbúðahverfa.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri.

